

Nd.

273. Frumvarp til laga

[137. mál]

um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 95 30. nóvember 1954, um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta að beiðni sjávarútvegsmálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er borið fram eftir beiðni stjórnar dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og hefur stjórn dvalarheimilisins gert svofellda grein fyrir frumvarpinu:

„Í núgildandi lögum um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna er svo ákveðið í 1. gr. laganna, að dvalarheimilinu sé heimilt að stofna til happdrættis um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir. Allur ágóði af happdrættinu skal renna til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Undirtektir þjóðarinnar við málefni dvalarheimilis aldraðra sjómanna hafa orðið eindæma góðar. Bæði hafa stórgjafir frá einstaklingum og félögum borizt stofnuninni og þátttaka í happdrættinu hefur orðið meiri og almennari en nokkur þorði að gera sér vonir um í upphafi.

Til þess að tryggja þær vinsældir, sem happdrættið hefur þegar hlotið, telur stjórn þess rétt, að auka fjölbreytni vinninga og leggur til, að auk þeirra vinninga, sem taldir eru í 1. gr. núgildandi laga um happdrættið, verði bætt við húsbúnaði, hljóðfærum, búpeningi, flugvélum og farmiðum til ferðalaga. Þessar breytingar á happdrættislögunum geta ekki talizt stórvægilegar, en framkvæmdastjórn happdrættisins telur þær þó geta orðið til þess að auka fjölbreytni vinninga og um leið vinsældir happdrættisins hjá almenningi.“